

Reglugerð 15 um framkvæmdastjóra ÍHÍ.

15.1. Framkvæmdastjóri ÍHÍ er ráðinn af stjórn ÍHÍ og starfar í umboði hennar.

15.2. Launakjör framkvæmdastjóra skulu vera samningsatriði milli framkvæmdastjóra og stjórnar ÍHÍ.

15.3. Framkvæmdastjóri ÍHÍ skal sjá um allan daglegan rekstur sambandsins ásamt því að vinna að kynningu og útbreiðslu íþróttarinnar og því að styrkja innlend og erlend samskipti sambandsins. Nánar er getið um starfsskyldur framkvæmdastjóra í starfslýsingu.

15.4. Framkvæmdastjóri skal hafa leyfi til fundarsetu í öllum nefndum á vegum ÍHÍ sem áheyrnarfulltrúi með tillögurétt.

15.5. Framkvæmdastjóri hefur heimild til þess að taka sér vald formanns í einstökum nefndum ÍHÍ forfallist sá er skipaður var til formennsku. Komi til þess hefur framkvæmdastjórinn einnig atkvæði formannsins komi til atkvæðagreiðslu innan nefndarinnar.

15.6. Framkvæmdastjóri ÍHÍ skal hafa frjálstan aðgang að öllum íshökkímótum sem fara fram innan vébanda sambandsins.